

Bekkjarnámskrá 5. bekkjar veturinn 2014- 2015

Umsjónarkennarar: Edda Björk Magnúsdóttir og Erna Höskuldsdóttir

Viðtalstími: Miðvikudaga kl. 12:40 – 13:20 í síma 450-8370.

Netfang: eddama@isafjordur.is ernaho@isafjordur.is

Í 5. bekk eru 7 nemendur, 5 drengir og 2 stúlkur. Þau eru í samkenndu með 4. og 6. bekk.

<u>Námsgrein</u>	<u>fjöldi stunda</u>
Kjarnagreinir (ísl og stæ)	15
Erlend tungumál (ens /dan)	5
Samfélagsfræði/Kristinfr.	2
Náttúrufræði	2
Lífsleikni/Umsjón	1
Íþróttir og sund	3
Upplýsingatækni	1
Áhugasvið	2
Heimilisfræði	1
Leikræn tjáning	1
Hönnun og smíði	1
Textil/myndmennt	1
Samtals	35 stundir

Námsmat:

Í öllum námsgreinum er **námseinkunn** gefin með eftirfarandi hætti nema annað sé tekið fram við einstaka grein:

- Próf 30% af 100% einkunn – eitt próf á annaskilum eða verkefni
- Símat 70% af 100% einkunn – símat skiptist í fjóra þætti:
 1. Ástundun /virkni 30% (vinna í tímum, þátttaka, frumkvæði, sjálfstæð vinnubrögð)
 2. Verkefnaskil /úrvinnsla 30% (niðurstaða verkefna eða unnar vinnubækur)
 3. Færni 20% (skilningur, þekking, geta, tækni)
 4. Annað á valdi kennara 20% (sem m.a. er hægt að fella inn í ofantalda þætti og getur verið mismunandi milli námsgreina)

Hegðunareinkunn er 100% einkunn sem byggir á;

- Framkomu
- Umgengni í stofu
- Fer eftir reglum og fyrirmælum
- Samskiptum

Kjarnagreinir – Íslensku og stærðfræði

Kennslutilhögun: Nemendum gera vikulega áform í íslensku og stærðfræði í samvinnu með kennara sem þeir vinna eftir. Áformin eru gerð með tilliti til þess hvað þeir treysta sér til en lágmarks fjölda verkefna þarf að leysa. Áformin er skráð í Skjatta. Nemendur bera sjálfir ábyrgð á sínu námi, en fá alla þá aðstoð hjá kennara sem þeir þurfa. Kennarar fara yfir áætlunina með



nemendum og skrifa athugasemdir ef þarf. Foreldrar er beðnar um að fara yfir áætlunina og skrifa hvetjandi skilaboð til barnsins sín.

Grunnviðmiðun er að árgangar fylgi þrepamarkmiðum aðalnámskrár er þeir nemendur sem víkja frá eiga að fá tækifæri til að vinna að námsþáttum og með námsefni sem hæfir þroska og getu þeirra. (Einstaklingsmiðað nám).

Íslenska

Kennarar: Edda Björk Magnúsdóttir og Erna Höskuldsdóttir -8.kennslustundir á viku í samkenndu með 4. og 6. bekk.

Markmið:

- Nemendur æfist í að nota málið við að koma frá sér eigin hugsunum og geti lesið fjölbreyttan texta og skilið þá.
- Nemendur æfist í að þekkja og vinna með sagnorð, nafnorð og lýsingarorð, kyn, eintölu og fleirtölu.
- Nemendur fái þjálfun í að tjá sig skýrt og áheyrilega.
- Nemendur þjálfist í að skrifa læsilega og af öryggi.
- Nemendur fái þjálfun í lestri.
- Nemendur nái valdi á helstu atriðum stafsetningar.

Námsefni:

Vanda málið – Þetta er málið, 2 lesbækur og 2 vinnubækur. Heildstætt móðurmálsefni sem tekur á öllum þáttum móðurmálsins, (sem eru ritun, hlustun, lestur og lesskilningur, stafsetning og bókmenntir.)

Auk þess Skrift 5A og 5B, Mál til komið, ýmsar lestrarbækur og annað efni frá kennara.

Kennslutilhögun: Þetta efni er mjög fjölbreytt og eru gagnvirkar æfingar í tölvu nýjung á þessu sviði. Nemendur æfast einnig í að skrifa sína eigin texta rétt, samkvæmt ritunar- og stafsetningarreglum. Nemendur setja sér áform vikulega (en ákv. lágmarks er krafist). Mjög mikilvægt er að nemandi lesi heima á hverjum degi, ýmist upphátt eða í hljóði.

Námsmat: Próf í lok hverrar annar 30% og símat 70 %.

Stærðfræði

Kennarar: Edda Björk Magnúsdóttir og Erna Höskuldsdóttir- 7. kennslustundir á viku í samkenndu með 4 og 6. bekk.

Markmið:

- Að nemendur geti notað reikniaðgerðirnar fjórar.
- Að nemendur fái þjálfun í vinnu með almenn brot, tugabrot, prósentur, flatarmál, horn og mælingar, töflur, súlurit og línurit.
- Að nemendur þekki þau grunnhugtök sem notuð eru í stærðfræði og öðlist skilning og leikni í meðferð þeirra.
- Að nemendur þjálfist í að setja dæmin snyrtilega upp í vinnubækur.
- Að nemendur temji sér ástundun og einbeitni við námið.

Námsefni:

Sproti 4b, nemendabók og æfingaheftin, Stika 1a og 1b, nemendabók og æfingarhefti. Efni frá kennara.

Kennslutilhögun:



Nemendur vinna eftir áformum sínum að viðfangsefnum sem eru sett upp í markmiðapakka. Til að nemendur geti haldið áfram á næsta þrep þurfa nemendur að ná ákveðinni lágmarks einkunn. Tilgangurinn með þessu er að sjá strax hvort nemendur hafa náð þeim markmiðum sem sett eru. Kennari útskýrir og reiknar sýnidæmi á töflu og gengur á milli hópa/einstaklinga til aðstoðar. Nemendur nota vasareikni og ýmis önnur hjálpargögn, s.s. gráðuboga, reglustiku, hringfara og umhverfi sitt. Einnig verður unnið í tölvum þar sem nemendur kynnst notkun töflureiknis (Excel) við ýmis verkefni og fleiri forrita. Ef nemandi nýtir ekki tímann sinn vel í kennslustundum þarf hann að vinna það upp heima sem ekki náðist að klára.

Námsmat: Próf 30%. Símat 70%.

Samfélagsfræði

Kennari: Edda Björk Magnúsdóttir - 2 stundir á viku í samkenndu með 4. og 6. bekk

Markmið:

- Nemandi á að hafa gert sér nokkra mynd af Rómaveldi, umfangi þess, kennileitum og borgarlífi
- Gera sér grein fyrir uppruna og útbreiðslu kristni í Rómaveldi og hvernig hún barst norður á bóginn
- Nemandi á að þekkja helstu drætti í fornsögu norrænna þjóða
- Þekkja ýmsa þætti víkingatímans
- Nemandi á að kunna sögur af landnámi Íslands
- Hafa nokkra þekkingu á gæðum lands við landnám, enn fremur trú og siðum, atvinnuháttum og stjórnskipan fyrstu aldir Íslandsbyggðar
- Vita hvernig kristni festi rætur á Íslandi

Námsefni:

Frá Róm til Þingvalla, sögubók og verkefni. Þingvellir merkir sögustaðir. Víkingaöld og ýmis verkefni frá kennara.

Kennslutilhögun: Nemendur lesa og vinna verkefni hvort sem er í kennslustundum eða heimanámi. Unnið er markvisst í hópastarfi í kennslustofunni og útikennslu. Kennsla byggist á því að hjálpa nemendum að skilja það sem efnið fjallar um, með umræðum í tímum og greiningu aðalatriða. Ef nemandi nýtir ekki tímann sinn vel í kennslustundum þarf hann að vinna það upp heima sem ekki náðist að klára.

Námsmat:

100% símat, (50%- Þátttaka í umræðum, vinna/virkni, skilningur og frumkvæði frumkvæði og 50%- próf eða hópverkefni í samvinnu með námsefni í fl. greinum – teymisvinna. eða heimanámi. Kennsla byggist á því að hjálpa nemendum að skilja það sem efnið fjallar um, með umræðum í tímum og greiningu aðalatriða. Ef nemandi nýtir ekki tímann sinn vel í kennslustundum þarf hann að vinna það upp heima sem ekki náðist að klára.



Áhugasvið

Kennari: Erna Höskuldsdóttir ásamt öðrum kennurum – 2x40 mín. á viku. Kennt á miðvikudögum.

Markmið, að nemendur:

- fái tækifæri til að velja sér verkefni eftir áhugasviði
- útfæri verkefni á þann hátt sem þeim þykir áhugaverður
- beri ábyrgð á verkefnum sem þeir völdu sér og ljúki því
- átti sig á tíma

Kennslutilhögun:

Í hverri viku fá nemendur að vinna að verkefnum sem tengjast áhugasviði þeirra. Verkefni geta því verið margvísleg með samþættingu við margar námsgreinar.

Nemendur gera verksamning um hvert verkefni sem þeir taka fyrir hendur þar sem fram kemur hvaða verkefni þeir ætla að vinna, áætlun um hvað vinnan tekur langan tíma, hvernig skil fara fram og svo frv.

og hvað þeir áætli að verkið taki langan tíma, hvernig þeir ætla að skila því af sér o.s.frv.

Námsmat:

Námsmat verður byggt á símati og jafningjamati

Lífsleikni/Umsjón

Kennari: Edda Björk og Erna. 1x 40 mín. Samkennsla á miðstigi.

Markmið:

- Að efla of styrkja eigin sjálfsmynd og skilning á eigin tilfinningum og annarra.
- Að efla félagsþroska og efla virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum.
- Að læra að hlusta á hvort annað, skiptast á skoðunum og virða skoðanir annarra.
- Að kenna nemendum sjálfstjórn og sjálfsaga samkvæmt Uppbyggingastefnunni.

Námsefni:

Ég er bara ég og Uppbyggingastefnan

Kennslutilhögun:

Nemendur fá tækifæri til að ræða mál sem á þeim brenna, (saman og við kennara), sem telst þá til umsjónar. Í þeim tímum eru haldnir bekkjarfundir.

Nemendur vinna að verkefnum tengd þeim sjálfum og umhverfi þeirra með það að leiðarljósi að styrkja sjálfsmynd hvers og eins. Tengsl tilfinninga og hegðunar, reglur í leik og starfi, skapandi hugsun og vinnubrögð, umgengni og heilbrigðir lífshættir.

Í þessum tímum er einnig unnið með uppbyggingarstefnuna, þar sem bekkurinn þarf að koma sér saman um bekkjarsáttmála, ræða þarfir sínar og hlutverk og læra af mistökum sínum á uppbyggjandi hátt. Rætt er um þau lífsgildi sem okkur finnst mikilvæg og byggjast á grundvallarþörfunum fimm: Umhyggju, áhrifum, frelsi, ánægju og öryggi.

Námsmat: Umsögn-sjálfsmat



Leikræn tjáning

Kennari: Edda Björk Magnúsdóttir 1 kennslustund í samkenndu með 4. og 6. bekk

Markmið:

Að nemandinn:

- geti notað helstu aðferðir leikrænnar tjáningar með því að vera annar eða annað en hann sjálfur (persónur, hlutir eða umhverfi)
- sé fær um að taka á skapandi hátt þátt í mótun í leikrænu ferli.
- geti í hóp notað stutta leikspuna út frá námsefni, skapað eigin persónur og tulkað hlutverk í litlum leikþáttum.
- geti flutt stutta ræðu úr pontu áheyrilega og tjáð skoðanir sínar á ákveðnu málefni
- geti notað látbragð og hreyfingu til að tjá líðan og tilfinningar

Kennsluhættir: Unnið bæði í hópum og einstaklingslega. Kennslan byggist á munnlegri og líkamlegri tjáningu s.s látbragð, kyrrmyndir, leikspuni, túlkun á eigin texta, túlkun á mismunandi tónlist og leikrænir leikir.

Námsmat: 100 % símat, er tekur til þátta eins og ástundun, virkni, færni, eigin frumkvæði og samvinna.

Náttúrufræði

Kennari: Erna Höskuldsdóttir – 2x40 mín. á viku. Samkenndu á miðstigi.

Markmið:

- Að nemendur hafi áttað sig á skilyrðum til lífs
- Að nemendur þekki helstu gróðursamfélög Íslandi
- Að nemendur hafi kynnst margbreytileika lífríkisins á landi á Íslandi
- Að nemendur þekki mikilvæg náttúruhugtök
- Að nemendur þekki íslenska fugla og lífnaðarhætti þeirra og kannist við flokkun þeirra
- Að nemendur hafi og geti rætt við aðra um viðfangsefni
- Að nemendur geti skráð upplýsingar og gert stutta skýrslur

Kennslutilhögun: Kennslubókin Lífríkið á landi verður kennd á haust og vetrarönn. Bókin fjallar um íslenskar plöntur, fugla, villt spendýr og skordýr á Íslandi.

Á vorönn skiptum við yfir í bókina Auðvitað- 3, Eðlis-, efna- og jarðfræði.

Kennsluaðferðir verða fjölbreyttar, allt frá því að svara spurningum úr lestexta bókarinnar, yfir í listsköpun í samþættingu við upplýsingatækni.

Námsmat: Símat 70%, Verkefnavinna og próf 30%

Danska/Tungumál

Kennari: Raket Brynjólfsson - 3 stundir á viku.

Markmið:

- Að nemendur geti lesið og unnið með léttan texta á dönsku.
- Að nemendur auki orðaforða sinn jafnt og þétt og nýti sér orðabækur



- Að nemendur skilji talað mál á dönsku, ef talað er hægt og skýrt.
- Að nemendur fái innsýn í menningu og daglegt líf norrænna þjóða með aðaláherslu á Danmörk.

Námsefni: Start, lesbók og vinnubók og geisladiskur. 5. bekkur
Smart, lesbók og vinnubók og geisladiskur. 6. bekkur
Netverkefni
Min danske ordbog
Verkefni frá kennara.

Kennslutilhögun:

Ofangreind markmið og námsefni eiga við 5. og 6. bekinga en 4. bekkur er í samkenndu með þeim í tveim af þremur tímum. Þá er unnið á léttari hátt með öllum hópnum t.d. með námsleikjum, söng og hreyfingu. Einnig er fleiri tungumálum blandað saman við því að í þessum hóp hafa nemendur vald á thailensku, sænsku, íslensku og pólsku og svo bætist danskan við.

Að öðru leyti byggist kenndan hjá 5. og 6. bekk á hlustun, tali og lestri en áhersla eykst smám saman á ritun eftir því sem færni eykst.

Námsmat: 70% símat, 30% verkefni og próf